

## Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar á degi íslenskrar tungu



Katrín Jakobsdóttir afhendir Þorsteini frá Hamri verðlaunin

Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar á degi íslenskrar tungu 2009 voru afhent á hátíðardagskrá í Ketilhúsinu á Akureyri. Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra veitti Þorsteini frá Hamri verðlaunin. Við afhendingu þeirra sagði mennta- og menningarmálaráðherra um verðlaunahafann: „Þorsteinn frá Hamri kvaddi sér hljóðs fyrir hálfri öld og er meðal okkar fremstu skálda. Á miðri atómöld orti hann tvítugur að aldri undir dróttkvæðum hætti í bland við yngri og frjalsari form. Á mótunarárum Þorsteins tókust á gamall og nýr siður í skáldskap og hann hefur glímt við þessi siðaskipti með sérstökum hætti. Hin gamla íslenska ljóðhefð hefur alla tíð átt sterkar rætur í honum.“ Þorsteinn frá Hamri fær í verðlaun eina milljón króna og ritið Íslensk tunga sem er í þremur bindum.

### Þórbergssetur og Baggalútur hlutu viðurkenningar

Í reglum mennta- og menningarmálaráðuneytis um verðlaun og viðurkenningar á degi íslenskrar tungu segir að auk Verðlauna Jónasar Hallgrímssonar sé heimilt að veita sérstakar viðurkenningar fyrir stuðning við íslenska tungu. Mennta- og menningarmálaráðherra ákvað að veita tvær viðurkenningar að þessu sinni. Önnur var veitt Þórbergssetri á Hala í Suðursveit og hina fékk Baggalútur.

Í rökstuðningi ráðgjafanefndar um Þórbergssetur segir: „Þórbergssetur á Hala í Suðursveit er menningarsetur reist til minningar um Þórberg Þórðarson rithöfund. Þórbergur var einn af merkustu rithöfundum 20. aldarinnar.“ Ingi Torfi Sverrisson tók við viðurkenningu fyrir hönd Þórbergssseturs.

Í rökstuðningi ráðgjafanefndar um Baggalút segir: „Baggalútar hafa alla sína texta á íslensku og leika sér með málið á skemmtilegan hátt. Það er líka þakkarvert þegar ungir hæfileikamenn, sem hafa gott vald á máli, skapa frjóan umræðuheim á netinu þar sem andinn leikur lausum hala, án of mikillar alvöru.“ Þeir Guðmundur Pálsson og Bragi Valdimar Skúlason tóku við viðurkenningu af hálfu Baggalúts.

Viðurkenningarhafar fengu listaverk eftir Brynhildi Þorgeirsdóttur.

Ráðgjafanefndin var að þessu sinni skipuð Kristínu Helgu Gunnarsdóttur rithöfundu, Kristjáni Árnasyni prófessor og Þórarni Eldjárn rithöfundu.

### Ný menntastefna

Á vefnum [nymenntastefna.is](http://nymenntastefna.is) má á aðgengilegan hátt nálgast lög um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla ásamt lögum um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla og reglugerðir tengdar þeim og ýmiss konar fróðleik.

Sérstaklega vill ráðuneytið vekja athygli á nýjum lið á vefsíðunni með ýmsum álitum sem ráðuneytið hefur tekið afstöðu til, s.s. skólagöngu fósturbarna, vettvangsferða og svör við ýmsum fyrirspurnum.

### Norrænn loftslagsdagur 11. nóvember

Norræni loftslagsdagurinn var haldinn hátíðlegur 11. nóvember sl., en hann er hluti af undirbúningi fyrir loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna (COP15), sem haldin verður í Kaupmannahöfn í desember nk.

Norræni loftslagsdagurinn er sameiginlegt verkefni allra norrænu menntamálaráðherranna og felst meðal annars í því að efla kennslu um loftslagsmál á Norðurlöndum og auka og efla samstarf kennara og

nemenda í þessum löndum. Margt hefur verið gert til að vekja áhuga ungs fólks á loftslagsmálum og ýmis verkefni voru í gangi í tilefni dagsins, s.s. stuttmyndasamkeppnin „REClimate“, auk þess sem skólar á öllum skólastigum gátu skráð verkefni tengd loftslagsmálum á sérstakt norrænt loftslagskort.

Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, opnaði formlega loftslagsdaginn hérlendis með ávarpi í hátíðarsal Langholtsskóla þar sem ýmislegt var á dagskrá í tilefni dagsins. Þar má m.a. nefna loftslagsverkefni sem börn í Leikskólanum Bakka í Grafarvogi kynntu, sýndar voru stuttmyndir um umhverfis- og loftslagsmál sem nemendur í Borgarholtsskóla munu senda inn í stuttmyndasamkeppnina „REClimate“. Nemendur í 9. bekk Langholtsskóla hófu þátttöku í norrænu farsímaverkefni um loftslagsmál og sendi ráðherra af því tilefni fyrstu sms-skilaboðin fyrir þeirra hönd. Alls tóku tæplega tíu grunnskólar á Íslandi þátt í farsímaverkefninu og um 4000 nemendur á öllum Norðurlöndum.

Ráðherra opnaði ljósmyndasýningu í Flensborgarskóla sem ber yfirskriftina „Áhrif loftslagsbreytinga á náttúru Íslands“. Þessi sýning er samstarfsverkefni umhverfisráðuneytisins og Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Nánari upplýsingar má finna á vefnum [www.klimanorden.org](http://www.klimanorden.org)

### Heimsókn ráðherra á Laugarvatn

Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra heimsótti [Menntaskólann að Laugarvatni](#) 12. nóvember sl. ásamt fylgdarliði. Halldór Páll Halldórsson skólameistari og Páll M. Skúlason aðstoðarskólameistari tóku á móti gestunum ásamt fullskipaðri skólanefnd og stjórn nemendafélagsins. Gengið var til mótuneytis þar sem nemendur skólans biðu, 150 talsins. Skólameistari og formaður skólanefndar ávörpuðu samkomuna en síðan tók ráðherra til máls. Sunginn var skólasöngur Laugvetninga sem er fánahylling Einars Benediktssonar. Að lokum þágu gestir veitingar.

